

Svæðisskipulagsáætlun fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð

YFIRLIT

Athugasemdir og ábendingar við greiningarskýrslu sem send var 2. febrúar 2017 til umsagnaraðila

**Fylgiskjal með fundargerð 6. fundar svæðisskipulagsnefndar DRS
sem haldinn var 8. mars 2017**

ALTA 16. mars 2017
A1156-102-U03

Almennt, samantekið:

- Ábendingar um málfar, orðalag og leiðréttingu eða skýringar á kortum bls. 29, 34 og 36
- Upplýsingar sem áhugavert væri að bæta við skýrsluna, t.d. um dýralíf, gróður, bókmennir
- Ábendingar/óskir um viðbótarheimildir
- Athugasemd þar sem umsagnaraðili segist ekki skilja forsendur og stöðu skýrslunnar
- Ábendingar um samlegð og ósk um samvinnu við svæðisskipulagsgerð og DMP-vinnu á Vestfjörðum
- Boð um upplýsingagjöf (Vegagerð, minjavernd, skógrækt, o.fl.)
- Efnislegar ábendingar varðandi:
 - Kortlagningu víðerna á svæðinu
 - Víðfeðmi strandsvæða í R og D, sjávargróður og eignarrétt
 - Stöðu skráningar og rannsókna á fornleifum, mikilvægi rannsókna á fornleifum
 - Stærð birkiskóga og umfang samningsbundinnar skógræktar á bújörðum
 - Lög um loftferðir og hafnalög hvað varðar skipulag mannvirkja og framkvæmdir, m.a. að ekkert trufli siglingar og leiðarljós
 - Stefnumótun um efnistöku

Umsagnaraðili og dags.	Gerir ekki aths.	Efni
Fjórðungssamband Vestfirðinga, Aðalsteinn Óskarsson frkvstj. 24.2.2017	X	<p>Ábendingar um samlegð, tækifæri og ósk um samvinnu við svæðisskipulagsgerð og DMP-vinnu á Vestfjörðum.</p> <p>Ábending um að hafa hliðsjón af niðurstöðu væntanlegs umhverfismats vegna endurnýjunar Vestfjarðavegar 60, um Gufudalssveit í Reykhólahreppi, við stefnumótun.</p> <p>Ábending um að í matslýsingu sé tekið fram að stefnan styðji við uppbyggingu stofnkerfa.</p> <p>Ábending um áform um aukna raforkuframleiðslu á Vestfjörðum og um líklega aukningu umferðar ferðamanna og flutninga með aðföng og afurðir í fiskeldi, og tækifæri þessu tengd.</p> <p>Ábending/leiðrétting á vefslóð í heimild (gögn v. stefnumörkun sveitarfélaga).</p>
Guðjón D. Gunnarsson, Reykhólum, 15.2.2017	x	<p>Bendir á víðfeðmi grunnsævis Reykhólahrepps og Dalabyggðar, sjávargróður og hreinan sjó. Sveitarfélög verði að fá viðurkenndan „eignarrétt“ á gróðri sem vex innan þeirra landamerkjja, svo hægt verði að nýta hann á sjálfbæran hátt íbúum til hagsældar. Litlar rannsóknir þurfi til að nýta sumar tegundir, en aðrar þurfi nánari skoðun.</p>
Guðrún Alda Gísladóttir, í Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna, 23.2.2017		<p>(á við um Reykhólahepp og Dalabyggð)</p> <p>Áttar sig ekki á forsendum og stöðu greiningarskýrslu í framtíðinni. Finnst vanta afstöðu til grunnþátta og segir skýrsluna virka nýtingarmiðaða og lítið talað um hvernig eigi að byggja upp. Leggur til að áhersla verði lögð á rannsóknir, m.a. á menningarminjum.</p> <p>Vill að tilgreint sé að vettvangsskráning fornleifa hafi ekki farið fram á svæðinu.</p> <p>Athugasemdir við kort á bls. 29 og 36.</p> <p>Ábendingar um orðalag og framsetningu heimilda.</p>
Halla Steinólfadóttir, 24.2.2017		<p>Athugasemdir við orðnotkun, ábendingar um orðalag og um bókmenntir sem mætti nefna og byggja á til viðbótar.</p>
Ísafjarðarbær - bæjarráð, tþ. 9.2.2017	X	<p>Vísar erindinu til skipulags- og mannvirkjanefndar bæjarins 6.2.2017</p>
Ísafjarðarbær - skipulags- og mannvirkjanefnd, 1.	X	<p>Nefndin fagnar samstarfi D, R og S um gerð svæðisskipulags og óskar þeim velfarnaðar í vinnunni.</p>

mars 2017		
Minjastofnun Íslands (Einar Ísaksson) 3.2.2017		Minjavörður Vestfjarða fagnar því að fornminjar séu teknar með í skipulagsvinnuna og áformum um að hlúa að minjum og draga fram menningarminjar. Ábendingar um orðalag, m.a. að tekið verði fram að svæðið sé órannsakað (minjar) og að markmið verði sett um rannsóknir þess.
Náttúrustofa Vestfjarða, Hólmavík (Hafdís Sturlaugsdóttir), tp. 2. mars 2017)		Athugasemd v. yfirferð 6. kafla eingöngu: Bæta mætti við upplýsingum úr Strandabyggð. Ábendingar/leiðrétting á orðalagi og viðbótarupplýsingar gefnar, m.a. um hafnir og lendingar við sjávarsíðuna, leiðarmið og merki, einnig friðlýstar minjar og jurtir, sem hún telur að ættu heima í greinargerð um forsendur. Athugasemd um að laga þurfi ár í Strandabyggð á tilteknu korti.
Samgöngustofa (Halldór Ó. Zoëga) 8.2.2017		Að þess sé gætt við allar framkvæmdir að ekkert sé gert sem truflað geti siglingar eða skyggt á leiðarmerki á sjó og að ekki séu sett upp ljós eða önnur merki sem geta villt um fyrir sjófarendum. Í umfjöllun um flugvelli og hafnir sé þess gætt að fara að lögum um loftferðir og hafnalögum við skipulag mannvirkja og framkvæmda þeim tengdum.
Skipulagsstofnun (Birna Björk Árnadóttir) 20.2.2017		Telur tilefni til að kortleggja núverandi víðerni í sveitarfélögunum þremur, út frá viðmiðum laga um náttúruvernd og leggja mat á hvort stefna svæðisskipulagsins sé líkleg til að hafa í för með sér skerðingu á þeim. Ábending um að í k. 6.6. (möguleikar á nýtingu auðlinda í sjó) miðist ákvarðanir svæðisskipulagsins við skipulag innan netlaga (115 m frá stórstraumsfjöru). Ábending um að sveitarfélögin leggi mat á sóknarmarkmið og markmið í umhverfis- og skipulagsmálum sem teljist líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif.
Skógræktin (Hallgrímur Indriðason) 27.2.2017		Upplýsingar um stærð birkiskóga á Vestfjörðum og um mikilvægi þess að vernda þá (Parísarsamkomulag). Upplýsingar um samningsbundna skógrækt á bújörðum
Valdís Einarsdóttir, 23.2.2017, f.h. Byggðasafns Dalamanna,		Athugasemdir/ábendingar um málfar, orðalag og orðnotkun. Leiðréttingar á staðbundnum upplýsingum, s.s. örnefnum. Hugleiðing um aukna aðkomu íbúa (og annarra hagsmunaaðila) t.d. með netkönnun.

Héraðsskjalasafns Dalasýslu, Paulseturs sf. og sem íbúi í Dalabyggð.		Ósk um að heimilda sé getið fyrir efnislegum atriðum í texta (s.s. endurheimt votlendis).
Veðurstofa Íslands (Árni Snorrason forstjóri) 24.feb.2017	X	Minnir á mikilvægi þess að fjallað sé um náttúruvá í tengslum við skipulagsgerð
Vegagerðin (Pálmi Þór Sævarsson), 24.2.2017		Ábendingar/leiðréttinar á vegheitum og flokkun vega, m.a. athugasemd við kort bls. 36. Ósk um að getið verði um skráðar námur Vegagerðarinnar. Boð um að útvega upplýsingar og gögn í áframhaldandi vinnu.
Vesturbyggð, bæjarráð, þp. 22.2.2017		Bent á skamman umsagnartíma um greiningarskýrsluna. Erindinu vísað til skipulags- og umhverfisráðs. <i>Svar: Tölvupóstinum var svarað og bent á að í lagi sé að skila umsögn til 8. mars.</i>